

Sp.

355. Tillaga til þingsályktunar

um áfengismál.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera það, sem í hennar valdi stendur og unnt er til þess að draga úr þeirri miklu vinnuáætlun, sem fylgt hefir í kjölfar þess, að sterku drykkjunum var aftur hleypt inn í landið. Þetta ber stjórninni að gera með því meðal annars:

1. Að sjá svo um, að í áfengisútsölum ríkisins séu ekki seld vín nema 3 daga vikunnar og aldrei lengur en 4 tíma á dag.
2. Að kveða svo á í reglugerð, að veitingahús það í Reykjavík, sem dómsmálaráðherra veitir vinsöluleyfi, megi ekki selja vín nema með mat, og ekki nema 3 tíma á dag og aldrei eftir kl. 9 að kvöldi.
3. Að veita engin vínveitingaleyfi í veizlum, dansskemmtunum og öðrum samkvæmum, hvort sem þær fara fram í veitingahúsum eða í félagsherbergjum.
4. Að leggja fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd að veita ekki gjaldeyri til kaupa á sterkum drykkjum fyrr en fullnægt er gjaldeyrisþörfum landsmanna um kaup á nauðsynjavörum.
5. Að leggja ríkt á við löggæzlumenn ríkisins, að þeir gangi röggssamlega fram í því að hafa eftirlit með, að áfengislögunum sé hlýtt.

G r e i n a r g e r ð .

Það er nú þegar komið á daginn, að þeir menn höfðu rétt fyrir sér, sem héldu því fram, að það mundi leiða til ófarnaðar og stórtjóns fyrir þjóðina að fara að hleypa aftur nýju vínflóði inn í landið. En að afleiðingarnar af því að þetta óheillaspor var stigið yrðu jafngeigvænlegar eins og raun ber þegar vitni um, mun þó fæsta hafa grunað. Skal nú vikið nokkru nánar að þessu.

Ég hefi í höndum skýrslu frá forstjóra véneinkasölu ríkisins, sem sýnir, hvað komið hefir inn á hverjum degi fyrir seld vín í áfengisútsölu ríkisins í Reykjavík frá 1. febr. til 15. marz í vetur, og sömuleiðis aðra skýrslu, sem sýnir, hvað inn kom fyrir seld vín hjá þessari sömu útsölu á sama tíma 1934.

Skýrslan um söluna í vetur sýnir, að komið hefir inn fyrir seld vín í áfengis-

útsölnunni á þessu tímabili kr. 311570.55. Samsvarar það því, að selt hafi verið vín fyrir kr. 7246.00 á dag að meðaltali.

Skýrslan um sölnu á þessum sama tíma 1934 sýnir, að þá hefir verið selt fyrir kr. 104657.53, eða að meðaltali á dag kr. 2434.00.

Af þessum samanburði verður það ljóst, að eftir að sterku vínin komu á markaðinn hefir umsetning þessarar einu áfengisútsölu þrefaldast á þessu tímabili, samanborið við það, sem hún var á sama tíma 1934. Og það er síður en svo, að það dragi nokkuð úr vínkaupunum; síðasta daginn sem skýrslan tekur yfir var selt vín fyrir kr. 7308.00.

Þessar skýrslur og sá samanburður, sem hér hefir verið gerður, sýnir svart á hvítu og ótvírætt, hve þeir menn, sem náð hafa til áfengisútsölnnar í Reykjavík, hafa aukið áfengiskaup sín gífurlega. Um það, hver munur hefir orðið á vínkaupum í áfengisútsöllum ríkisins í hinum kaupstöðunum, liggja engar skýrslur fyrir, en sjálfsagt hafa vínkaupin þar einnig örvast stórum.

Þó að það sé nú ekkert smáræði, sem meiru fé er nú sóað til vínkaupa en áður, þá er sá munur, sem þar kemur fram, samt ekki nema svipur hjá sjón, samanborið við það, hvað hlutfallslega miklu meira af áfengismagni hefir runnið ofan í landsfólkið frá 1. febr. í vetur og á sambærilegu tímabili í fyrra. Þarf í því sambandi ekki annað en að benda á þann áfengismagns styrkleikamun, miðað við rúmmál, sem brenndu drykkirnir innihalda, samanborið við hin suðrænu náttúruvín. Þó sorglegt sé til þess að vita, hvað miklu fé er sóað í vínkaupin, þá er sá skatturinn ennþá þungbærari, sem þjóðin verður að gjalda í ótal myndum í afleiðingum vinnautnarinnar. Það þjóðarböl verður ekki metið til fjár.

Skal ég nú þessu næst draga fram nokkur dæmi þess, hvernig hin stóru auknu áfengiskaup í Reykjavík hafa sett sitt mark á bæjarbraginn. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið hjá lögreglustjóranum, varð lögreglan að setja í tukthúsið í febrúar í vetur meira en helmingi fleiri menn sökum ölvunar en á sama tíma í fyrra. En ástand þeirra manna, sem lögreglan af þessum völdum keyrir inn í tukthúsið, er þannig, að annaðhvort eru það menn, sem með svakalegu framferði á almannafæri sýna, að lífi og limum annara manna getur stafað hættu af þeim, og þá ekki hvað sízt þegar í hlut eiga konur þeirra og börn, og svo þeir menn, sem hafa drukkið frá sér ráð og rænu og eru svo á sig komnir, að þeir geta enga björg sér veitt og sem ekki tekst að útvega annan samastað en tukthúsið. Hinir hafa svo vitanlega verið miklu fleiri, sem sökum drykkju-skaparóreglu þverbrjóta að visu settar reglur til verndunar friði manna á almannafæri, en þó voru ekki beinlínis hættulegir. Þessum mönnum hefir lögreglan komið heim til sín eða til kunningja þeirra og vandamanna, sem svo hafa haft ofan af fyrir þeim þangað til áfengisáhrifin fjöruðu út. Sem allra flestum að hægt er af ölvuðum mönnum, sem á vegi lögreglunnar urðu og þurftu hennar aðgerða við, mun hún hafa komið af sér á þennan hátt, og það þá ekki síður þar sem húsrúmið í tukthúsinu hefir víst reynzt að vera af mjög skornum skammti, að minnsta kosti á stundum í vetur síðan 1. febrúar.

Þá er það ekki að ólíkindum, þó nokkuð hafi meira borið á því en ella síðan 1. febrúar, að menn hafi sézt með glóðaraugu og skrokkskjóður og önnur ytri tákni í húðláti og fataspjöllum, sem fyllirii og slagsmálum eru samfara.

Þá hefir borið miklu meira á innbrotum og hverskonar þjófnaði í bænum á þessu tímabili en nokkru sinni áður, og hefir það komið í ljós, að þeir, sem hafa verið að fremja þessa hvinnsku og óknytti, hafa gert það undir áhrifum vins, stundum svamfullir, og refirnir allajafna til þess skornir að ná í peninga eða verðmæta hluti, sem hægt væri að koma í peninga og fara svo með peningana inn í áfengisútsölu ríkisins og kaupa þar fyrir þá „svarta dauða“.

Þó að reynslan í þeim dæmum úr daglega lífinu hér í bænum síðan 1. febr. síðastl., sem hér hefir verið stuttlega dregið á, sýni, að í því efni hefir þjóðin mikið afhroð galdið af völdum hins nýja vinflóðs, þá er langt frá því, að öll sú raunasaga sé sögð með þessu. Nei, það er meira blóð í kúnni. Það er eftir að lýsa þeim þættinum, sem hættulegastur er vaxtarbroddi þjóðlifsins, þeim þættinum, sem sýnir, að ástandið í áfengismálunum er nú að komast á það stig, að framtíð þjóðarinnar er teflt í fullkomna tvísýnu. Það er hvernig áhrif og afleiðingar vinflóðsins hafa brotízt út og sagt til sín í samkvæmislífi borgarinnar innanveggja á síðkvöldum á opinberum stöðum í veizlum, dansleikum og þvílíkum mannfagnaði.

Það er út af fyrir sig stórvægilegt áhyggjuefni, hversu mjög drykkjuskapur karlmanna hefir nú aukízt, en hvað er það hjá þeirri staðreynd, að kvenfólkið er nú líka farið að drekka. Einmitt í þessu, að kvenfólkið er við slík tækifæri að verða vinnautninni að bráð. birtast áhrif og afleiðingar vinflóðsins, sem hleypt var inn í landið 1. febrúar, í sinni átakanlegustu og geigvænlegustu mynd. Ég hefi það eftir góðum heimildum, konum og körlum, sem hafa séð með eigin augum þessa nýju sorglegu mynd af þjóðlífinu, sem þarna birtist, að það sé nú komið svo, að kvenfólkið sé við slík tækifæri engir eftirbátar karlmanna í vindrykkju og að ölvunin brjótist út hjá þeim í ef til vill ennþá átakanlegri mynd en hjá karlmönnum, og er þó sannarlega ekki á það bætandi. Má þá nærri geta, þegar þessu fordrukna fólki ægir svo öllu saman þarna í einni bendu, hversu hollt og heilsusamlegt slíkt samlíf muni vera, og yfirleitt hvert mannsmót muni vera á slíkum samkomum.

Hér blasir við hyldýpi spillingarinnar og hverskonar tortíming á velfarnaði. Og það skyldi engan undra, þó að í samkvæmum, sem mótuð eru af slíku ásigkomulagi karls og konu, velti á ýmsu og að velsæmiskenndin eigi þar erfitt uppdráttar, og að í kjölfar þess sigli svo ýmislegt það, sem lengst hefir haldið við minningunni um smalareiðar og Jörfagleði.

Hér skal nú brotið í blað og frá því horfið að lýsa frekar hinu nýja viðhorfi í áfengismálunum hér, þó margt mætti fleira um það ástand segja. En af því, sem sagt hefir verið, mun það öllum vera ljóst, að hér verður eitthvað til bragðs að taka, ef þjóðin á ekki að fljóta sofandi að feigðarósi.

Um tillöguna sjálfa þarf ég litið að segja; hún skýrir sig sjálf.

Tillagan felur í sér allkröftugar og staðgóðar ráðstafanir og möguleika til þess að veita viðnám á þeirri háskahraut, sem hið nýja viðhorf í áfengismálunum gefur okkur til kynna, að við séum nú komnir inn á. Á skal að ósi stemma. Og það má með engu móti láta undir höfuð leggjast að gripa nú þegar til slíkra ráðstafana, sem hér hefir verið bent á, eða annara, sem leitt gætu til jafngóðrar niðurstöðu eða betri.

Um 4. lið tillögunnar vil ég aðeins segja þetta: Það nær vitanlega ekki nokkurri átt og gengur brjálæði næst að veita ótakmarkaðan gjaldeyri til þess að kaupa fyrir whisky og brennivín á sama tíma sem allar horfur eru á, að ekki verði hægt að flytja til landsins, sökum skorts á gjaldeyri, nema sem svarar helmingi af brýnustu lífsnauðsynjum þjóðarinnar. Að verja á slíkum tímum sem þessum 2—3 milljónum af okkar litla gjaldeyri til þess að kaupa fyrir vín og tóbak er hvorttveggja í senn firra og fjarstæða og óforsvaranleg sóun á verðmætum og ber vott um óverjandi tómlæti og skeytingarleysi um hag og afkomu þjóðarinnar. Það má með sanni segja, að það sé eftirtektarvert tímanna tákni, að í Reykjavík er nú ekki hægt að fá nýmjólk handa börnum nema eftir læknisrecepti, en whisky og brennivín og allt, sem þar er á milli, getur hver og einn fengið í áfengisútsölu ríkisins allan guðslangan daginn.

Um 5. liðinn vil ég aðeins segja það, að það er ekki að ófyrirsynju eða ástæðulausu, þó gengið sé ríkt eftir því við löggæzlumenn landsins að sýna árvekni í sinni köllun við gæzlu áfengislaganna, því auk þess, sem drykkjuskaparóregla á almannafæri krefst nú fyllra eftirlits en áður, þá halda áfengisbruggararnir og smyglararnir, í skjóli hins háa verðs á vinunum, áfram iðju sinni, alveg eins og ekki síður en áður var. Sama er reynslan í því efni hjá hinum þjóðunum, sem horfið hafa frá vinbanninu, Norðmönnum, Finnum og Bandaríkjamönnum. Allar þær vonir, sem þessar þjóðir gerðu sér um það, að smyglið mundi hverfa við afnám bannans, hafa svikið, og nú hervæðast þjóðirnar hver í kapp við aðra til þess að heyja baráttu við smyglarana. Slíkt hið sama verður okkar hlutskipti. Í gæzlu áfengislöggjafarinnar má ekki vera neitt hik eða hálfvelgja, þar verður hver og einn að gæta sinnar skyldu og sýna árvekni í starfinu.

Tillaga þessi hefir nú því miður orðið það síðbúin, sökum veikinda minna að undanfögnu, að hún mun tæplega geta náð afgreiðslu áður en þingi verður frestað. En það er bót í máli, að svo framarlega sem ríkisstjórnin sér þann voða, sem við horfumst hér í augu við, og gerir sér grein fyrir því, hver vó er hér fyrir dyrum, þá getur hún upp á eigin spýtur, án þess nokkur þingsamþykkt þurfi að koma til, gert eða látið gera allt, sem farið er fram á í tillögunni. Og þess er að vænta, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að gera það.

Með þeim ráðstöfunum, sem í tillögunni felast, samhliða öflugri bindindisstarfsemi, sem nýtur viðurkenningar, trausts og stuðnings þess opinbera, má miklu til vegar koma, og engin ástæða til að örvænta, þó þessum málum hafi nú verið stefnt í ærið óefni.